

11. FUNDARGERÐ STJÓRNAR HUNDARÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS STARFSÁRIÐ 2018-2019

Miðvikudaginn 20. mars kl. 17:00 var haldinn ellefti fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands. Fundurinn var haldinn að skrifstofu félagsins að Síðumúla.

Mætt voru: Herdís Hallmarsdóttir formaður, Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Daníel Örn Hinriksson, Guðbjörg Guðmundsdóttir og Þorsteinn Thorsteinson.

Pétur Alan Guðmundsson og Viktoría Jensdóttir boðuðu forföll.

Þorsteinn Thorsteinson ritaði fundinn.

Dagskrá:

1. Bókun þegar samþykktur er erinda milli funda:

- a. **Aukin réttindi sýningadómarara – Sóley Halla Möller** (fylgiskjal 1)
Sýningadómaranefnd félagsins mælti með staðfestingu dómarréttinda Sóleyjar Höllu Möller á síð- og snögghærða afbrigði chihuahua. Að loknum nemastörfum stóðst Sóley próf hjá Harto Stockmari frá Finnlandi og Sóleyju Rögnu Ragnarsdóttur.
Samþykkt.
- b. **Kjörstjórn**
Skipun Ari Karlssonar, Ernu Ómarsdóttur og Jónasar Fr. Jónssonar var framlengd og óbreyttar reglur auglýstar fyrir 15. mars eins og lög félagsins kveða á um. Hlutverk kjörstjórnar er að annast framkvæmd stjórnarkjörs og úrskurða um vafaatriði.
- c. **Skoðunarskýrsla MAST vegna sýningar félagsins 23.-24. febrúar** (fylgiskjal 2).
Fulltrúi Mast gerði almenna úttekt á sýningasvæði HRFÍ í reiðhölinni í Víðidal á hundasýningu félagsins 23. febrúar s.l. Ánægjulegt er að upplýsa að engin frávik fundust og öll skoðunatriði voru í lagi.
- d. **Deildarsýning Retrieverdeildar** (fylgiskjal 3 og 4)
Stjórn Retrieverdeildar sótti um deildarsýningu 28. September n.k. í Mosfellsbæ. Sýningastjórn gerir engar athugasemdir við sýninguna en dómari verður Gerda Groenweg frá Hollandi sem er sérfræðingur í retrieverhundum og er sýningin því samþykkt.

2. Veiðiprófadagskrá 2019, skörun dagsetninga - erindi frá Fuglahundadeild og Veiðiprófanefnd (fylgiskjal 5 og 6)

Stjórn Fuglahundadeildar og Veiðiprófanefnd gera athugasemdir við fyrirhugað veiðipróf Svæðafélags Norðurlands þar sem það verður haldið sömu helgi og próf FHD og var ekki tekið fyrir af Veiðiprófanefnd.

Varðandi athugasemd stjórnar Fuglahundadeildar og Veiðiprófanefndar er því til að svara að núgildandi veiðiprófareglur gera ekki ráð fyrir að umsóknir svæðafélaga fari til Veiðiprófanefndar.

Stjórn HRFÍ tekur undir með stjórn FHD og Veiðiprófanefnd að þetta sé annmarki á regluverkinu en það er ekki á færi stjórnar að breyta veiðiprófareglum.

Vissulega er vont að prófin skuli stangast á og hefði verið betra ef hægt hefði verið að hafa prófin sitthvora helgina. Vegna þess var skrifstofu falið að kanna hvort hægt væri að flytja þegar samþykkt próf svæðafélagsins til en í svörum svæðafélagsins kom fram að undirbúningur og skipulag sé þegar langt á veg kominn og búið að bóka gistingu fyrir dómara. Þá var fullyrt að þeir hundar sem kæmu í það próf væru hundar sem byggju fyrir norðan og kæmu ekki suður í veiðipróf fuglahundadeildar. Þá var bent á að dagskrá veiðiprófa væri mjög þétt og erfitt að færa til um helgar. Því ætti próf svæðafélagsins ekki að hafa áhrif á próf fuglahundadeildar.

Í ljósi þess er ekki annað hægt en láta þegar samþykkt próf standa.

3. Reglugerð um skráningu í ættbók - Þörun Smooth og Rough collie (fylgiskjal 7 og 8)

Þær upplýsingar sem fyrri ákvörðun stjórnar byggði á um það að heimalandið Bretland heimilaði þörun smooth og rough collie er ekki rétt. Slík þörun er bönnuð þar í landi. Undanþágur frá banni eru hins vegar veittar í Finnlandi með vísan í stöðu stofnsins og núverandi stjórn er opin fyrir umsóknum um undanþágur og þá yrði horft til þess hvað gert er á hinum Norðurlöndunum. Án undanþágu er þörun smooth og rough collie hins vegar óheimil og núgildandi regluverk gefur ekki vísbendingar um annað.

Skrifstofu er falið að senda öllum eigendum smooth og rough collie tölvupóst og upplýsa um stöðuna.

4. Undirbúningur Aðalfundar 2019, dagskrá og dagsetning.

Almennur undirbúningur aðalfundar HRFÍ, ýmis atriði rædd er varða fundinn. Einungis ein lagabreytingartillaga liggur fyrir (fylgiskjal 7) og erindi Papillon og Phalénédeilar um að leggja deildina niður (fylgiskjal 8) verður tekið fyrir undir liðnum önnur mál.

5. Fulltrúaráðsfundur

Ákveðið að halda fulltrúaráðsfund 4. apríl. Kynntar verða skýrslur fastanefnda og fjárhagsáætlun félagsins kynnt.

6. Heyrnamælingar hunda- Erindi frá Kristjönu Knudsen

Í framhaldi af erindi Kristjönu Knudsen um heyrnamælingar hunda, sem tekið var fyrir á 9. stjórnarfund, hefur skrifstofa félagsins kannað möguleika á heyrnamælingum á vegum félagsins. Málið var skoðað og rætt við fagfólk þegar hingað komu sérfróðir dýralæknar til að framkvæma augnskoðanir. Því miður þá eru heyrnamælingar of kostnaðarsamar og of sérhæfðar til að félagið geti boðið upp á slíkar heilbrigðisskoðanir að svo stöddu.

Fundi slitið 19:20

Þorsteinn Þorsteinsson
Guðbjörg Guðm
Andrú sítt Sigurquissól.
Ferdís Þallmaselóttin